

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Upplýsing og velferð – þekking í þágu dýra og samfélags.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Upplýsing og velferð – þekking í þágu dýra og samfélags, og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er mannúðarstarf í þágu dýra og hugsjónin er samfélag um gott dýrahald.

Megináhersla stofnunarinnar er að efla þekkingu almennings á velferð dýra og stuðla þannig að aukinni velferð þeirra dýra sem menn halda eða hafa nytjar tengt. Við teljum að sanngjörn nálgun í heilbrigðu samfélagi sé forsenda heilbrigðs dýrahalds.

Markmiðum sínum vinni stofnunin að með því:

1. að stuðla að góðum almennum skilningi og ábyrgu samfélagslegu samtali um velferð dýra. Til þess reki stofnunin heimasíðu með fræðsluefni þar sem efnis, sérþekkingar og yfirllesturs þeirra sem hafa viðurkennda menntun eða reynslu af dýrahaldi og dýravelferð er leitað. Stofnunin veiti á þeim grundvelli álit og stofni til samtals um dýravelferð við stjórnvöld, almenning og hagsmunaaðila, í þágu velferðar dýra og heilbrigðs samfélags manna og dýra;
2. að stuðla að, stofna til, styrkja og kynna vísindalegar rannsóknir um og auka þekkingu á velferð dýra. Til þess haldi stofnunin rannsóknarsjóð sem hefur þann tilgang að styrkja rannsóknir sem auka raunþekkingu um velferð dýra sem menn halda eða hafa nytjar af eða tengt. Einnig að safna og hafa aðgenglegt fyrir almenning inni á heimasíðu stofnunarinnar efni um viðurkenndar rannsóknir sem tengjast velferð dýra;
3. að stuðla að bættri lagasetningu í þágu velferðar dýra og veita löggjafa og opinberum aðilum sem koma að reglusetningu og framkvæmd um meðferð dýra aðhald. Til þess veiti stofnunin umsagnir, ábendingar og álit og fylgi eftir markmiðum um almenna bætingu á velferð dýra og samfélag þar sem velferð manna og dýra fari saman.

Stofnunin skal rekin fyrir styrktarfé. Ráðstafa skal söfnunarfé þannig að því sé varið til starfsemi stofnunarinnar og til rannsóknarsjóðs. Að jafnaði skuli leitast við að ráðstafa fjármunum stofnunarinnar þannig að ekki liggi inni meira fé en til tveggja ára reksturs á rekstrarreikningi, en safna má fyrir einstaka rannsóknnum eftir ákvörðun stjórnar og skal greint frá framvindu á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig má styrkja annað viðurkennt velferðarstarf í þágu dýra. Ársreikningar stofnunarinnar skulu birtir á heimasíðu hennar ásamt bankayfirlitum sem staðfesta þá. Gögn vegna fjármála skulu send opinberum aðilum eftir því sem við á hverju sinni. Stjórn stofnunarinnar viðheldur sýnileika á ráðstöfun fjár gagnvart styrktaraðilum hverju sinni og í þágu trausts almennings á stofnuninni.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi stofnunarinnar er Hallgerður Ljósýnja Hauksdóttir, kt. 220168-4769.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er 1.680.000 kr. og lagt fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Skal stofnfé varið til uppbyggingar á starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð minnst þrem og mest fimm einstaklingum. Skipunartími er eitt til fimm ár í senn og skal tiltekinn í skipunarbréfi. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn, kjósa nýja einstaka stjórnarmenn sem hverfa frá, eða endurnýja umboð stjórnarmanna sem fyrir eru. Stjórnarmenn lýsa sig reiðubúna til að starfa samkvæmt ákvæðum stofnskrár þessarar. Heimilt er meiri hluta stjórnar að víkja stjórnarmanni úr stjórn ef hann starfar gegn markmiðum eða gildum stofnunarinnar. Falli atkvæði að jöfnu við störf stjórnar þá ræður atkvæði formanns.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og/eða skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum stofnunarinnar í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum í hlutverk formanns og meðstjórnenda. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og formaður kemur fram fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur og siðareglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri starfsmenn eða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum ef hann er ekki sjálfur stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og skoðunarmönnum eða endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Bókhald.

Stofnunin skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili stofnunarinnar skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994. Bókhald skal varðveitt lögum samkvæmt. Bókhald skal birt í samræmi við reglur um birtingar vegna almannaheillaskrár ef það á við.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir stofnunina.

10. gr.

Skoðunarmenn/endurskoðendur.

Stofnunin skal kjósa einn eða fleiri endurskoðanda, skoðunarmann, trúnaðarmann eða bókhaldsstofu til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Þá má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundum stofnunar til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

11. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

12. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið í jöfnum hlutum til starfsemi í þágu aukinnar velferðar dýra, svo sem til Dýrahjálpar Íslands, Dýraverndarsambands Íslands, Kattavinafélags Íslands, Villikatta, Fuglaverndar og skyldrar starfsemi eftir því sem þessi félög eru enn til og/eða til annarra félaga sem vinna að þeim markmiðum sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða til skyldra markmiða.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns

Leita skal staðfestingar sýslumanns samkvæmt gildandi lögum á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 23. janúar 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 19. maí 2026